




Tíunda þing Félagsvísindasviðs á fimmtudag

Tíunda þing Félagsvísindasviðs verður haldið nk. fimmtudag, þann 26. nóvember frá kl. 13.15-15.45 í Lögbergi stofu 101.

[Meira ...](#)



Nýtt valnámskeið: Flóttafólk og hælisleitendur

Háskóli Íslands leggur sitt af mörkum við komu flóttafólks. Á vormisseri mun Félagsvísindasvið bjóða upp á valnámskeiðið: Flóttafólk og hælisleitendur (6 ECTS) sem opið er öllum nemendum í meistara- eða diplómanámi í Háskóla Íslands.

[Meira ...](#)



Diplómanám í félagsráðgjöf með áherslu á fjölmenningu

Diplómanám í félagsráðgjöf með áherslu á fjölmenningu og margbreytileika hefur verið opnað að nýju. Umsjón með náminu hefur Dr. Guðbjörg Ottósdóttir.

[Meira ...](#)



Háskóli Íslands aðili að yfirlýsingu um loftslagsmál

Háskóli Íslands er í hópi þeirra 103 stofnana og fyrirtækja á Íslandi sem undirrituðu á mánudag yfirlýsingu um aðgerðir í loftslagsmálum. Yfirlýsingin er gerð í aðdraganda loftslagsráðstefnunnar í París 30. nóvember - 11. desember.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, ritaði undir yfirlýsinguna fyrir hönd háskólans en samkvæmt henni skuldbinda aðilar yfirlýsingarinnar sig til að setja sér markmið og fylgja þeim eftir með aðgerðum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og úr úrgangi. [Meira ...](#)



Ingjaldssjóður styrkir viðskiptafræði- og tónlistarnema

Nýr styrktarsjóður hefur verið stofnaður við Háskóla Íslands. Sjóðurinn ber heitið [Ingjaldssjóður](#) og er stofnaður til minningar um Ingjald Hannibalsson, prófessor við Viðskiptafræðideild skólans. Ingjaldur, sem lést fyrir rúmu ári, arfleiddi háskólann að öllum eigum sínum. [Meira...](#)



Innsetningarathöfn Hrefnu Friðriksdóttur

Föstudaginn 13. nóvember sl. fór fram innsetningarathöfn Hrefnu Friðriksdóttur, prófessors í lögfræði.

Athöfnin hófst með stuttu yfirliti Daða Más Kristóferssonar, forseta Félagsvísindasviðs, yfir helstu störf Hrefnu. Þá tók Hrefna við og flutti erindi í tengslum við sérsvið sitt, fjölskyldu- og erfðarétt. Að lokum fóru fram líflegar umræður í sal þar sem Hrefna svaraði fyrirspurnum gesta.

Tilgangur kynningarfyrirlestranna er að vekja athygli á hinum nýja prófessor, störfum hans og áherslum, ekki síst til þess að auka tengsl og samstarf innan skólans.

[Meira...](#)



Tíundi doktorinn brautskráist frá Stjórn málafræðideild

Föstudaginn 6. nóvember varði Eva Marín Hlynisdóttir doktorsritgerð sína „The Icelandic Mayor: A Comparative Analysis of Political and Administrative Leadership Roles at the Icelandic Local Government Level“ við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

Andmælendur voru dr. Hilde Bjørnå, prófessor við Háskólann í Tromsø í Noregi, og dr. Nirmala Rao, prófessor við SOAS, University of London, Englandi.

Leiðbeinandi var dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. [Meira...](#)



Rannveig tilnefnd til Hvatningarverðlauna ÖBÍ

Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræði, hefur verið tilnefnd til Hvatningarverðlauna Öryrkjabandalags Íslands 2015. Rannveig er tilnefnd fyrir þátt sinn í að breyta hugarfari almennings til fatlaðs fólks. Markmið verðlaunanna er að vekja athygli á þeim sem hafa stuðlað að einu samfélagi fyrir alla.

[Meira...](#)

Viðburðir framundan

24. nóv - 12:00

[Málstofa Viðskiptafræðideildar](#)

25. nóv - 12:00

[Fjölmennning, stjórn mála og fjölmiðlar](#)

26. nóv - 12:00

[„Og svo kom Kaninn“. Hádegisfyrirlestur Félags þjóðfræðinga](#)

27. nóv - 12:30

[Hádegisfundur um spillingu í íslensku viðskipta- og stjórn málafræði](#)

27. nóv - 14:00

[Ráðstefna um reikningsskil og endurskoðun](#)

03. des - 16:00

[Innsetningarathöfn Eiríks Jónssonar, prófessors í lögfræði](#)